Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dómsskjöl um afréttarland í Fóelluvötnum 1890-1892. Nýbýli í Lækjarbotnslandi 1865-1868

Aðfnr. 1367, örk 7

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Eptirrit
úr afsals- og veðmálabók Gullbringu-
og Kjósarsýslu Litra F. № 3. –

## № 245.

Hilmar Steindór Finsen, Hans Konunglegu hátignar til Danmerkur etc. etc. stiptamtmaður yfir Íslandi, amtmaður yfir Suðuramtinu samastaðar, riddari af Dabr. m.m. – Kunngjöri að þareð Þorsteinn Þorsteinsson hefur samkvæmt tilsk. 15 apríl 1776 öðlast Gullbringu- og Kjósar sýslu hjeraðsrjettar úrskurð af 4 des. 1866 fyrir því, að land það, sem hann kallar að Lækjarbotnum og honum á lögskipaðan hátt þ. 22. júlí 1865 hefur verið útvísað innan þessara takmarka: Að norðaustanverðu syðst. kvíslin af Fossavallaá frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, uppað þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan neðri völlu, þaðan til útnorðurs í urðgrjótsklett með rauf í, er snýr í suður svo sömu stefnu eptir langri brekku alla leið að Landfellshnúk, sem það nær langt til norðurs. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selsfjalli, þaðan rjett

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

austurhlíð brunahraunsins fyrir
norðan Selsfjallið niður fyrir bæ, að læknum
og eptir honum norður í á, hvert land
hefur verið álitið 6 # að dýrleika sje ný-
býlisland, veitist honum hjer með ný-
byggingarrjettur, samkvæmt tjeðri tilsk.
§ 6 með þeim undanþágum, sem §§ 11.
og 9. heimila, slíkum nýbyggingum þó að
óskertum betrarjetti sjerhvers þriðja manns
ef sannaður verður.

Íslands stiptsamt 11 febr. 1868.

Undir minni hendi og embættisinnsigli.

Hilmar Finsen

(L. S.)

Nýbýlisbrjef
fyrir landi að Lækjarbotnum handa
Þorsteini Þorsteinssyni.

Lesið á manntalsþingi að Mýrarhús-
um 3. júní 1872

Kristján Jónsson

Gjald: Þingl. Kr. 0 75
Bókun " 0 25
Kr. 1. 00.

Rjett eptirrit staðfestir

Páll Einarsson

Gjald: 25 a.
P. E.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur